

Lokaverkefni til B.A. -prófs

„Það er svo flókið að vera ég“

Áhrif þroskafrávika á félagsmótun unglinga

Þorbjörg Ásbjörnsdóttir

21065-3969

Háskóli Íslands
Menntavísindasvið
Þroskaþjálfadeild
Júní 2009

Útdráttur.

Hér á eftir fer athugun á stöðu unglings með þroskafrávik í grunnskóla, rætt er við unglingsstúlku á 14 ári sem nýlega hefur fengið greiningu á einhverfurófi, einnig er rætt við móður hennar og kennara. Markmiðið er að skoða félagslega stöðu stúlkunnar í félagahópnum, reyna að skilja hvernig hún upplifir sig sem ungling og einnig hvernig móðir hennar og kennari upplifa hana.

Stuðst var við eigindlega aðferðarfræði, tekin eru opin viðtöl við stúlku á 14 ári, móður hennar og kennara og þeir hvattir til að tjá sig um flest það sem viðkemur félags- og persónuþroska stúlkunnar.

Niðurstöður bentu ótvírætt til að stúlkan er lengra komin í félags- og persónuþroska heldur en viðmælendur mínir áttuðu sig á, líklegt má telja að þeir láti einhverfufrávikinu trufla sig í sýninni á stúlkuna. Þeim fannst hún mun barnalegri en hún var í raun og töldu að hún væri alls ekki komin með félags- og persónuþroska sem jafnaldar hennar.

Segir þetta hversu mikilvægt er að vera vel vakandi yfir öllum þroskaskrefum unglingsins og láta frávik í þroska ekki trufla sig í mati á getu hans til samvista við jafnaldra.

Þakkir.

Ég vil koma á framfæri þökkum til Ásthildar Kristínar Garðarsdóttur, Hildar Bergsdóttur og Garðars Hólms fyrir yfirlestur og góðar ábendinga. Einnig þakka ég Kristínu Lilliendahl leiðsagnarkenna mínum fyrir áhuga, hvatningu og góðar leiðbeiningar. Að lokum þakka ég svo viðmælendum mínum fyrir að vilja deila reynslu sinni með mér og grunnskóla stúlkunnar fyrir að gefa mér leyfi fyrir að tala við kennarann hennar og ljá mér aðstöðu fyrir viðtölin.

Efnisyfirlit.

Inngangur.....	5
1. Unglingar í efri bekkjum grunnskóla.....	6
1.1 Persónuþroski.....	6
1.2 Áhrif og skyldur grunnskóla varðandi félagsmótun.....	7
2. Lög, reglugerðir og sáttmálar.....	9
3. Félagsþroskakennningar.....	11
3.1 Félagsþroski.....	11
3.2 Þróunarverkefni Havighurst.....	12
3.3 David Elkind.....	13
3.4 Robert Selman.....	14
3.5 Daniel Lapsley.....	14
3.6 Áhrif þroskafrávika á félagsmótun unglunga.....	15
3.7 Aðferðafræðin.....	16
3.8 Kynning á viðmælenda.....	18
4 Viðtölin.....	21
4.1 Jóna.....	21
4.2 Kennarinn.....	22
4.3 Móðirin.....	24
5. Niðurstöður.....	26
6. Umræða.....	29
Lokaorð.....	32
Heimildaskrá.....	33

Inngangur.

Hér á eftir mun ég velta fyrir mér persónuþroska unglinga almennt, hvernig þessum þroska er háttað, hver einkenni hans eru. Sjálfsmyndin er ein birtingarmynd persónuþroskans, verður framvinda hennar skoðuð og hvernig unglingurinn upplifir sig sem einstakling. Í beinu framhaldi af því er skoðað hver áhrif og skyldur grunnskólans eru varðandi þroska hvers unglings. Unglingurinn ver stórum hluta dagsins í grunnskólanum og er því vettvangur fyrir hann að bera sig saman við aðra unglinga og fullorðna. Skyldur skólans eru að efla félagsþroska hvers og eins, er það einkum gert í gegn um lífsleikni, en í henni eru markmið sem stefna að því að gera unglinginn hæfari til að lifa í lýðræðisþjóðfélagi.

Lög og reglugerðir eru raktar, Íslendingar eru aðilar að ýmsum samþykktum sem beinast að réttindum og skyldum við unglinga líkt og aðra þjóðfélagsþegna. Grunnskólalögin gefa tóninn um hverjar þessar skyldur eru ásamt Aðalnámskrá Grunnskóla sem leggur línurnar í markmiðum í hverjum áfanga fyrir sig innan skólans.

Skoðaðar verða nokkrar félagsþroskakennningar, einkum verður fjallað um það sem lítur að hefðbundnum félagsþroska almennt og svo fjallað um hvernig þroskafrávik geta haft áhrif á þennan hefðbundna þroska. Hvað hefur áhrif og hvers ber að gæta til að unglingurinn fái sem best tækifæri til að þroskast og eflast sem einstaklingur og hluti af heild.

Tekið var viðtal við stúlku á einhverfurófi og staða hennar skoðuð, í beinu framhaldi af því horfðum ég á hvernig einhverfan getur truflað félagsþroskann og hvað einhverfa er í raun og veru. Einnig eru tekin viðtöl við móður og kennara stúlkunnar, og þeirra sýn á hana skoðuð, hvernig er stúlkan og hvað finnst þeim um hana. Hvernig upplifa þær félagshæfni hennar og vinatengsl? Og í ljósi þessara viðtala er borin saman upplifun stúlkunnar af sjálfri sér, ásamt frásögn kennara og móður af henni, og þroskakennningar. Velt er upp hvort stúlkan þroskast eins og almennt gerist eða hvort hún er á einhverju öðru plani. Upplifir hún sig sem ungling eða finnst henni hún vera mun yngri/eldri?

Að því loknu fjalla ég um hvað mér finnst um þetta allt, hvernig ég upplifi stúlkuna og hvað mér finnst að hafa þurfi í huga þegar unglingar eiga í hlut, hvort sem þeir eiga við einhver frávik að stríða eða ekki.

1. Unglingar í efri bekkjum grunnskóla.

1.1 Persónuþroski.

Persónuþroski einstaklingsins þroskast jafnt og þétt yfir æviskeiðið og eiga samfélagið, skólinn og fjölskyldan sinn þátt í mótun einstaklingsins. Einn hluti persónuþroskans er sjálfsmýndin, er hún sú sýn sem hver og einn hefur á sjálfan sig.

Sjálfsmýndin byrjar að þroskast snemma á æviskeiðinu og er að þroskast fram yfir unglingsár og oft lengur, jafnvel fram á fullorðinsár. Á unglingsárum kviknar þörf einstaklinga fyrir að máta sig við aðra til að sjá hvernig þeir passa inn í það umhverfi sem þeir lifa í hverju sinni. Þá er mikilvægt að sambandið við foreldrana sé gott því afstaða foreldranna til vina og annarra sem unglingurinn umgengst segir honum mikið um hvað foreldrunum finnst um hann sjálfan. Ef unglingurinn finnur að hann eigi margt sameiginlegt með vininum upplifir hann, gegnum afstöðu foreldranna til vinarins, hvað þeim finnst um hann sjálfan. Hafi foreldrar jákvæða afstöðu til vina og annarra í nærumhverfi unglingsins er líklegra að hann upplifi sig á jákvæðan hátt og fái betri og sterkari sjálfsmýnd þar sem samanburðurinn segir honum að eiginleikar hans falli að jákvæðum eiginleikum annarra¹.

Þegar börn taka þroskastökk fram á við fylgir því stundum tímabundin afturför á vissum sviðum. Á unglingsárunum birtist þetta á þann hátt að unglingurinn verður mjög sjálflægur í hugsun og tilfinningum. Hugsunin er því ekki bara markvissari þegar hann nær tókum á óhlutbundinni hugsun (Formal Operations), heldur er hún um leið bjagaðri um nokkurt skeið eða þar til þroska áfanganum er að fullu náð. Unglingurinn upplifir sig skyndilega sem nafla alheimsins og nefnist þetta sjálfshyggja. Hann telur sig einu manneskjuna sem hefur upplifað þjáningar unglingsáranna og er viss um að enginn skilji vanda sinn². Þetta veldur því að unglingurinn getur orðið óákveðinn, hann veit oft ekki í hvorn fótinn á að stíga og flest sem foreldrarnir leggja til hreinasta fjarstæða og finnst að unglingsárin þeirra hafi verið mun

¹ Barker (2004).

² Turner og Helms (1995).

einfaldari en sín. Nær allir unglingar ganga í grunnskóla og verja þar stórum hluta dagsins, skólinn hefur skyldur og áhrif á félagsmótun unglingsins.

1.2 Áhrif og skyldur grunnskóla varðandi félagsmótun.

Í markmiðum Aðalnámskrár grunnskóla segir að foreldrar beri hitann og þungann af uppeldi barna sinna, en hlutverk grunnskólans sé einkum að sjá nemandanum fyrir formlegri fræðslu og taka þátt í félagsmótun hans. Menntakerfið eigi að vera sem sveigjanlegast til að takast á við margbreytilegt umhverfi og geta lagað sig að kröfum nútímans. Allir eigi rétt á að ganga í almennan grunnskóla sem aftur leiðir til þess að finna þarf leiðir fyrir þá sem ekki ganga hinn hefðbundna veg. Grunnskólanum ber að stuðla að alhliða þroska nemenda sinna³.

Börn og unglingar verja stórum hluta dagsins í grunnskólanum, þess vegna hefur skólinn mikil áhrif á félagsmótun þeirra. Barnið er í miklu samneyti við önnur börn í skólanum og fær þar af leiðandi margskonar tækifæri til að bera sig saman við aðra, bæði jafnaldra sem og aðra nemendur. Samanburður þessi er hverju barni nauðsynlegur til að átta sig á stöðu sinni í félagahópnum. Kennarar eru ákveðnar fyrirmyndir sem börnin sjá og hafa þar af leiðandi áhrif á þroska barnsins. Það er mikilvægt að barnið fái markvissar leiðbeiningar jafnt á heimili sem í skóla, til að þroski þess eflist jafnt og þétt.

Lífsleikni er skyldunámsgrein í öllum grunnskólum. Þar er markmiðið að efla félagstengsl og gera nemendur meðvitaða m.a. um samskipti sín á milli og þátttöku í samfélagi almennt. Eins og nafn greinarinnar gefur til kynna er tilgangurinn að gera þá leiknari í lífinu, að þeir átti sig á til hvers samfélagið ætlast af einstaklingum, hverjar helstu reglur þess eru og hvað þarf að gera til að komast vel af í framtíðinni.

Mikil áhersla er lögð á samskipti í lífsleikni. Mikilvægt er að nemandinn skilji að fólk hefur misjafnar upplifanir og túlkun á reynslu sinni. Það sem einum finnst auðvelt finnst öðrum erfitt. Markmiðið er að vekja nemandann til meðvitundar um að ekki eru allir eins og enginn einn hefur réttast fyrir sér. Þarna gildir að læra að setja sig í spor annarra. Nemandinn þarf af skilja að í samskiptum eru ákveðin lög bæði skrifuð og óskrifuð, sum eru æskileg en

³ Aðalnámskrá Grunnskóla (2006).

önnur ekki og til þeirra þarf af taka tillit í daglegri umgengni við fólk. Jafnframt þarf að styrkja og kenna hverjum og einum að setja sín eigin persónulegu mörk til að geta unnið gegn óæskilegu áreiti og misrétti í sinn garð og annarra. Mikilvægt er að nemandi skilji eigið siðvit og ábyrgð í samskiptum við aðra. Helstu mælikvarðar á siðvit eru gagnkvæm virðing og persónulegur réttur hvers og eins⁴.

Enda þótt foreldri beri fyrst og fremst að vera sá sem kennir og leiðbeinir barni sínu í samskiptum við aðra og kenna þeim virðingu, verja þau töluverðum tíma dagsins í grunnskólanum og á hann því einnig stóran þátt í uppeldi þess. Skólinn hefur því skyldum að gegna gagnvart nemendum sínum, og vinnur eftir lögum og reglugerðum sem í landinu eru.

Á Íslandi eru lög og reglugerðir sem stuðla að jöfnun rétti allra til skólagöngu, einnig er landið aðili að alþjóða sáttmálum sem hamra enn og aftur á jöfnum rétti allra manna.

⁴ Aðalnámskrá Grunnskóla (2006).

2. Lög, reglugerðir og sáttmálar

Ef ytri rammi grunnskólans er skoðaður, réttindi einstaklingsins til eðlilegs lífs, ásamt stefnumótunum og sáttmálum, sem Íslendingar eru aðilar að og varða líf og menntun fólks, kemur í ljós að öll þessi lög og sáttmálar sameinast um það að reyna að tryggja rétt allra til að eiga innihaldsríkt líf og njóta jafnra réttinda. Er þá kveðið sérstaklega á um réttindi fatlaðra og ítrekaður réttur þeirra til að lifa innihaldsríku lífi, og að öll almenn lög og réttindi gilda um þá jafnt sem aðra.

Íslendingar eru aðilar að Salamanca yfirlýsingunni en þar er tekið fram að öll börn skuli geta sótt skóla og að hann skuli vera án aðgreiningar. Það þýðir að allir nemendur eiga rétt á að vera hluti af nemendahópnum hvernig svo sem þeir eru staddir námslega⁵.

Í lögum um grunnskóla frá árinu 2008 segir í 17. grein,

að nemandi eigi rétt á að komið sé til móts við þarfir hans.

Nemandi, sem af einhverjum orsökum á erfitt með nám, á rétt á

sérstökum stuðningi þar að lútandi, og miðast sá stuðningur við

mat sérfræðinga á þörfum hans⁶.

Skóli án aðgreiningar miðast fyrst og fremst við að hver og einn einstaklingur fái kennslu við sitt hæfi og fái að njóta sín sem fullgildur einstaklingur innan skólans burtséð frá andlegri og líkamlegri getu hans. Markmiðið er að einstaklingurinn fái að vera hluti af heild innan skólans og eigi rétt á fullri þátttöku í skólastarfinu, en ekki séu búin til sérúrræði fyrir hann.

Í 2, 8 og 24 gr. í Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra er fjallað um réttinn til menntunar. Þar segir að fatlaður einstaklingur eigi sama rétt til menntunar og allir aðrir á öllum skólastigum. Taka á tillit til hans innan skólakerfisins og hrinda hindrunum frá sem á vegi hans veður. Á þetta við um öll skólastig, einnig símenntun, starfsþjálfun og fullorðinsfræðslu Meginmarkmiðið á að vera að námið ýti undir félagsþroska einstaklinganna og stuðli að virkri þátttöku þeirra í skólastarfinu⁷.

⁵ Menntamálaráðuneytið. (1995).

⁶ Aðalnámskrá grunnskóla (2006).

⁷ Félagsmálaráðuneytið (2006).

Í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er reynt að tryggja jafnan rétt barna í þjóðfélaginu, að koma í veg fyrir mismunun af öllu tagi eins og kostur er.

Í sáttmálanum er farið í réttindi fatlaðra og að hann skuli hafa sama rétt og aðrir, þar með talið sómasamlegs lífs og stuðlað skuli að sjálfsbjörg, virðingu og þátttöku hans í samfélaginu. Þarna er einnig hamrað á menntunarréttinum og mikilvægi þess að einstaklingurinn vaxi og dafni í þjóðfélagi án mismununar⁸.

Lög um málefni fatlaðra eru viðbótarlög við hin almennu lög sem einnig gilda yfir fatlaða einstaklinga, þar er kveðið sérstaklega á um sérstöðu hins fatlaða og að markmiðið sé að veita honum aðstoð til félagslegrar hæfingar og þjónustu svo hann geti átt sömu skilyrði til eðlilegs lífs og hinn almenni borgari⁹.

Stefnumótun Félagsmálaráðuneytisins er svo skjal sem ýtir undir mikilvægi þess að allir eigi rétt á að taka þátt í þjóðfélaginu, þar er talað um aukna liðveislu til frístunda og að einstaklingurinn eigi möguleika á að velja sér starfsmann sjálfur¹⁰.

Allt sem hér á undan er talið miðar að því að allir hafi sama rétt til eðlilegs lífs, til menntunnar og tómsunda við hæfi. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því að þó einhver frávik séu í þroska eða getu einstaklingsins á hann fullan rétt á þátttöku í þjóðfélaginu, rétt á menntun og störfum við hæfi jafnt og allir aðrir.

Ekki er nóg að hafa lög og reglugerðir til að allt gangi vel fyrir sig, mikilvægt er að vera vakandi yfir þroska barna og unglinga, ásamt því að þekkja þarfir þeirra sem stunda nám í skólum landsins.

⁸ Samningur sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr.18/1992

⁹ Lög um málefni fatlaðra. 59/1992

¹⁰ Félagsmálaráðuneytið (2006).

3. Félagsproskakenningar.

3.1 Félagsproski

Á unglingsárum eykst félagsþörf unglingsins, hann sækist í æ ríkara mæli í aukin félagsleg samskipti. Hann öðlast aukna leikni í því að lesa tilfinningar annarra og gera sér grein fyrir hugsunum og líðan þeirra. Unglingurinn getur fundið til með öðrum á annan hátt en á barnsaldri og verður fær um að setja sig í þeirra spor. Um leið vex þörfin fyrir viðurkenningu annarra. Á barnsaldri dugir einstaklingi að fá viðurkenningu foreldranna og aðdáun til að vera sáttur við sjálfan sig. Unglingurinn vill aftur standa á eigin fótum og mynda sér skoðanir á sjálfum sér sem er óháð foreldravaldinu. Félagarnir koma þá í stað foreldranna og verða sá spegill sem ungingurinn notar til að skoða sig í. Tengslin við félagana verða megin uppspretta sjálfsmyndarinnar. Aukin þörf unglingsins fyrir félagana tekur á sig ýmsar myndir. Ein er sú að allir verði að vera eins. Ef hann ætlar að spegla sig í annarri manneskju þarf hún helst að líkjast honum, því eru unglingar í sama félagahópi í eins fótum, gera það sama, hlusta á sömu tónlistina o.s. frv.

Það er unglíngnum mikilvægt að tilheyra hópi sem veitir honum viðurkenningu og viðkomandi skilur og vill vera hluti af, það er ein leið að myndun sjálfsmyndarinnar. Þeir sækjast eftir því að tilheyra hópum þar sem allir eru að gera það sama eins og dansa, stunda íþróttir eða eru í leiklist. Þegar líða tekur á unglingsárin leita krakkar eftir félögum sem hugsa eins og hafa sömu skoðanir og þeir sjálfir. Sjálfstæði og geta unglingsins hefur aukist til muna, hann er nú ekki lengur bundinn af því að eiga féлага í sama hverfi og hann býr, heldur tekur strætisvagn í önnur hverfi eða bæjarfélög til að leita uppi sína sálufélaga. Það getur gert foreldrum erfitt fyrir þar sem þeir þekkja oft ekki til nýju félaganna og geta ekki fylgst með því hvað ungingurinn er að sýsla.

Fatlaðir nemendur í almennum skólum lenda oft í vandræðum á þessum aldri. Fram að þessu hafa þeir oftast verið taldir nokkuð gjaldgengir í hópnum, en nú finnst félögum ekki lengur hægt að deila áhugamálum sínum með fatlaða unglíngnum og vilja ekki miða sig við hann. Þeir telja að fatlaði ungingurinn passi ekki inn í hópinn. Það reynist mörgum þeirra mjög erfitt og leiðir til þess að sumir hverjir gefast upp og leita inn í sérskólana eða

Þeir reyna að láta lítið fyrir sér fara í skólanum . Þeir einangrast oft og eiga sífellt minni samskipti við aðra unglunga, þá skortir viðmið og sjálfsmyndin vill bíða hnekki.

3.2 Þróunarverkefni Havighurst

Þegar félagshæfni unglunga er skoðuð verður ekki komist hjá að nefna Robert Havighurst og þróunarverkefni hans. Havighurst fæddist 1900 en lést árið 1991. Hann starfaði í rúm 40 ár sem prófessor í sálfræði hjá University of Chicago, sem rannsóknarmaður og rithöfundur, og skrifaði um þroskasálfræði meðal annars. Hann hélt því fram að hvert æviskeið einskorðaðist við ákveðin þróunarverkefni og taldi að þróunarverkefni unglingsáranna væru:

1. Að öðlast ný og þroskaðri sambönd við eigin aldurshópa af báðum kynjum.
2. Að öðlast kynhlutverk.
3. Að sættast við líkamsbyggingu sína og nýta líkama sinn árangursríkt.
4. Að öðlast tilfinningalegt sjálfstæði frá foreldrum og öðrum fullorðnum
5. Að undirbúa sig undir hjónaband og fjölskyldulíf.
6. Að undirbúa sig fyrir fjárhagslegt sjálfstæði.
7. Að koma sér upp gildismati og siðfræðikerfi sem verða leiðarljós hegðunar og hugmynda.
8. Að óska eftir og öðlast félagslega ábyrga hegðun.

Telur Havighurst að unglingsárin hefjist á bilinu 10-13 ára og ljúki um 19 ára aldurinn¹¹ en misjafnt er milli menningarsvæða og þjóðfélaga hvenær talið er að unglingsárin hefjist.

Þegar barnið verður unglingur leggur samfélagið meiri ábyrgð á einstaklinginn, sem fer á mótí að sýna aukið frumkvæði og ábyrgðartilfinningu, ásamt því að úthald hans til vinnu eykst. Hluti þessarar þróunar liggur væntanlega í persónu- og tilfinningaþroska einstaklingsins, hvernig hann sér sjálfan sig og hvernig honum tekst að höndla samfélagið og hið daglega líf sitt.

¹¹ Manning (2002).

3.3 David Elkind

David Elkind er fæddur 1931 í Bandaríkjunum og er barnasálfræðingur og rithöfundur. Eftir hann liggja nokkrar bækur, umtöluðust er bókin *The Hurried Child and Miseducation*¹².

Elkind heldur því fram að sjálflægnin leiði til þess að tvenns konar hugsunarháttur verði einkennandi hjá unglingum:

Unglingar halda að þeir séu umkringdir „ímynduðum áhorfendum“ annars vegar og hins vegar trúa þeir á „goðsögnina“ um sjálfan sig. Með ímynduðum áhorfendum er átt við að unglingurinn heldur að allir séu jafn uppteknir af útliti hans og hegðun og hann sjálfur. Honum líður eins og hann sé alltaf á leiðinni að frumsýna á stóra sviði Þjóðleikhússins og að allir gagnrýnendur landsins séu saman komnir í salnum til að dæma hann. Það kveður mest að sviðsskreknum þegar unglingurinn er undir álagi og finnst hann þurfa að standa sig fullkomlega og líta fullkominn út. Hver og einn unglingur hefur ákveðna kenningu um hvernig þessi fullkomnun er nákvæmlega.

Með goðsögninni um sjálfan sig eru unglingar að skapa sér hugmyndaheim þar sem þeir eru umvafðir einhverskonar töfrum sem vernda þá gegn öllu illu. Samkvæmt þessari goðsögn eru aðrir dauðlegir en ekki þeir sjálfir eða fjölskylda þeirra. Þeir lenda ekki í slysum og ekkert illt getur hent þá, jafnvel þó þeir aki hratt, skjóti rakettum úr blýhólkum, stökkvi ofan af húspökum, hjóli á fullri ferð yfir gatnamót, gangi fram á ystu brún, standi uppi í hárinu á krökkum sem eru sterkari en þeir o.s. frv. Kenning Elkind um goðsögn unglingsáranna er notuð til að skýra það hvers vegna unglingar eru svo áhættusæknir og fara oft fram úr sjálfum sér, þrátt fyrir að þeir eigi að vita betur¹³.

Nokkur sátt ríkir um kenningu Elkind hvað varðar hugarheim unglingsins, hins vegar ber mönnum ekki saman um hvers vegna þetta er svona. Hvað það er sem veldur þessari þróun og hverjir áhrifavaldar hennar eru.

Tveir kennimenn hafa verið nefndir til sögunnar sem líta þetta ólíkum augum. Annar er Robert Selman en hinn er David Lapsley. Selman leggur mestu áhersluna í togstreituna milli hlutbundinnar og óhlutbundinnar hugsunar, en Lapsley lítur á sjálflægnina sem varnarviðbrögð unglingsins við

¹² Elkind (2009).

¹³ Turner og Helms (1995).

því óöryggi sem skapast þegar hann er að skiljast frá foreldrum sínum og skapa sér sinn eigin heim.

3.4 Robert Selman

Robert Selman er þroskasálfræðingur sem hefur einbeitt sér að rannsóknum á hvernig hægt er að hjálpa börnum sem eiga við félagsleg vandamál að stríða og reynir að öðlast skilning á því hvernig þau þroskast í samfélaginu. Hann skoðar m.a. bakgrunn þeirra og veltir fyrir sér hvort hann hafi afgerandi áhrif á afdrif þeirra í framtíðinni¹⁴.

Megin inntakið í kenningum Roberts Selman er, að hann horfir á sjálflægnina út frá því hvernig félagsfærni barna þroskast frá unga aldri. Unglingurinn hefur náð þeirri færni að geta bæði verið meðvitaður um hvaða áhrif hann sjálfur hefur á annað fólk og hvaða áhrif annað fólk hefur á hann sjálfan og í þriðja lagi hvernig utanaðkomandi aðili sér samskiptin milli hans og annarra. Unglingurinn hefur þó ekki náð fullum tókum á þessari færni, hann nær ekki alltaf að sjá samskiptin út frá sjónarmiði þriðja aðilans og festist því í að sjá samskiptin bara út frá eigin sjónarhorni. Það er þá sem unglingar festast í sjálflægninni. Selman telur að þetta tengist því að barnið er smám saman að ná tókum á óhlutbundinni hugsun en sitji stundum fast á stigi hlutbundinnar hugsunar¹⁵ Þarna er einstaklingurinn að reyna að skapa sér sjálfstætt líf og hafa skoðanir á eigin lífi ásamt því að reyna að hafa áhrif á það.

3.5 Daniel Lapsley

Daníel Lapsley er prófessor í þroskasálfræði, og starfar sem rannsakandi á því svið hjá Háskólanum í Notre Dame¹⁶.

Ólíkt Selman sem horfir á félagsfærni, telur Lapsley tilfinningalega þættir ráði sjálflægni barnsins og sjálflægnina vera varnarviðbrögð barnsins á því tímasteiði þegar það er að fjarlægjast foreldra sína og ná sjálfstæði. Fram að unglingsárunum hafa börnin fengið að láni viðhorf foreldranna, ef svo má segja, sem leiðir til þess að ef foreldrarnir eru sáttir við barnið er það einnig sátt við sig. Þegar barnið reynir svo að mynda sér eigin skoðun og sjálfstæða

¹⁴ Harvard (2009).

¹⁵ Turner og Helms (1995).

¹⁶ Notre Dame (e.d.).

sjálfsmynd, sem er óháð foreldrunum, er það ógnvekjandi og erfitt fyrir barnið og vekur kvíða. Þess vegna myndar unglingurinn þennan varnarvegg utan um sig og festist í sjálflegni að mati Lapsley¹⁷.

Sjálflegni unglingsins sést á mörgum sviðum, hann hugsar fyrst og fremst um eigin þarfir og er oft ómeðvitaður um þarfir annarra. Þetta er sá tími sem unglingnum finnst hann vita allt, að foreldrar hans séu „einstaklega illa gefnir“ og hafi lítið vit á því sem hann þarf að ganga í gegnum.

Unglingar með þroskahömlun falla einnig undir þennan hatt, þeir eiga sinn félags- og persónuþroska líkt og aðrir jafnaldrar þeirra, birtingarmynd hans getur þó verið öðruvísi vegna fráviksins.

3.6 Áhrif þroskafrávika á félagsmótun unglunga.

Þeir sem hafa mikla andlega eða líkamlega fötlun búa við töluvert öðruvísi umhverfi en aðrir. Þeir eru háðir því að fullorðinn einstaklingur sé með þeim til aðstoðar og þeir fá ekki sömu tækifæri og aðrir til að læra í hópnum. Vinahópurinn vill oft ekki ræða stráka- og stelpumál eða önnur mál sem unglingum eru mikilvæg, þegar þeir þurfa að hafa fullorðna manneskju nálægt sér, en þessi fullorðna manneskja er oft fylgífiskur fatlaðs unglings. Þess vegna eru þessar umræður geymdar þangað til fatlaði félaginn er ekki við, og því fær hann ekki þetta tækifæri til að upplifa jafnaldrana. Hann fær því minni tækifæri til að skoða sjálfan sig í samanburði við aðra, og upplifa skoðanir og umræður félaganna. Einnig getur þetta hent ef unglingur verður afskiptur, enginn sækir í hann eða spyr hann áhlits, hefur þetta töluverð áhrif á einstaklinginn og hann fær um leið færri tækifæri til að skoða sjálfan sig.

Umtalsverð hætta er á ofverndun einstaklings með þroskafrávik, sérstaklega ef hann býr við hömlun þar sem hann á erfitt með að gera sér grein fyrir yfirvofandi hættum. Kemur þetta fram í að þeim sem eru til stuðnings einstaklingnum hættir til að leyfa honum ekki að taka neinar áhættur, þeir óttast að viðkomandi fari sér að voða og því fær hann síður að upplifa þá reynslu sem „venjulegur“ einstaklingur fær með því að prófa sig áfram.

Þegar barn með einhverjar raskanir á í hlut hvort sem þær eru sýnilegar í fljótu bragði eða svokallaðar duldar raskanir þar sem barnið ber ekki utan á

¹⁷ Turner og Helms (1995).

sér fötlunina, getur margt truflað þennan þroska. Einstaklingar með fötlun læra margt á annan hátt en þeir „venjulegu“ og því er mikilvægt að vera vakandi yfir hverju þroskastigi. Fötlun þeirra getur komið í veg fyrir að við áttum okkur á hvað þroski þeirra er komin langt. Líkamleg og andleg geta fer ekki saman, hugsunin er jafnvel á sama stað og hjá öðrum unglingum, en líkaminn er komin miklu styttra eða öfugt. Mikilvægt er því að einstaklingurinn fái fræðslu við hæfi og foreldrar vinni þar markvisst með skólanum. Brýnt er að upplýsingaflæði milli heimilis og skóla sé öruggt og gott.

Tómstundir geta reynst erfiðar og unglingurinn með þroskafrávikið, hefur minni tækifæri en aðrir til tómstunda. Í tómstundahópum er oft mikil fræðsla í gangi, ásamt því að félagarnir læra hver af öðrum. Það styrkir sjálfsmyndina sem aftur eflir þá í að læra að setja mörk, og átta sig á hvað er viðeigandi hverju sinni. Þar sem fatlaði einstaklingurinn er oft háður foreldrum sínum er hann seinni að tileinka sér óhlutbundna hugsun og mynda sér sitt eigið líf. Því er mikilvægt að komið sé fram við unglinginn sem svarar til lífaldurs hans, það eykur líkurnar á jákvæðari og sterkari sjálfsmynd, sem aftur leiðir til aukins sjálfstæðis og félagslegra tengsla¹⁸.

Ef allir þessir þætti eru skoðaðir í samhengi má sjá að margt hamlar unglingnum með þroskahömlunina, í félagslegum aðstæðum. Að vera háður stuðningsaðilum og fá minni tækifæri til félagsskapar við jafnaldra dregur oftast úr félagsþroska einstaklingsins. Hann fær ekki sömu tækifæri og aðrir til samanburðar og vinatengsla. Lélegt félagslegt læsi getur hamlað einstaklingnum verulega, þá kann viðkomandi ekki reglur hópsins og virðir þær þar af leiðandi ekki. Leiðir þetta til þess að öðrum getur fundist óþægilegt að hafa hann nálægt sér og félagsleg staða hans versnar til munar.

3.7 Aðferðafræðin.

Til að fá raunverulega mynd af upplifun einstaklings en ekki bara út frá þroskakeningum og fræðum, var nauðsynlegt að gera athugun og sjá hvernig einstaklingur upplifir sig sem ungling. Viðfangsefnið var unglingsstúlka á 14. ári sem nýlega hefur fengið greiningu á einhverfurófi. Tekin voru þrjú viðtöl á þriggja vikna tímabili í febrúar og mars eða u.þ.b. eitt

¹⁸ María Jónsdóttir. (2008).

viðtal á viku. Fyrst var talað við stúlkuna, síðan kennara hennar til þriggja ára og í lokin móður hennar. Fullrar nafnleyndar og trúnaðar er gætt, bæði hvað varðar nöfn viðmælenda og staðhátta og verður stúlkan hér nefnd Jóna.

Verkefnið er ekki rannsókn í sjálfu sér heldur athugun á stöðu einstaklings og hvaða ályktanir má draga af henni varðandi aðra einstaklinga í svipaðri stöðu.

Tekin voru opin viðtöl við þessa einstaklinga og fóru viðtölin ýmist fram í skóla stúlkunnar eða á Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra í á heimasvæði Jónu. Markmiðið með þessum viðtölum var að fá innsýn í upplifanir þessara einstaklinga á félagslegum þáttum tengdum Jónu. Með því að hafa viðtölin opin var ætlunin að fá einstaklingana til að tjá sig frá eigin hjarta um það sem leitað var eftir og athuga í kjölfarið hvort mikill munur sé á því sem Jóna upplifir og því sem kennaranum og móðurinni finnst.

Stuðst er við eigindlega aðferðafræði, en hún gengur út á að hver og einn eigi sinn veruleika. Horft er á að veruleiki þessi er byggður á skynjun og upplifun hvers einstaklings. Hér er horft á skilning manneskjunnar og merkingin byggir meira á munnlegri frásögn og athugun heldur en tölulegum staðreyndum. Eigindlegar rannsóknir eru framkvæmdar í náttúrulegu umhverfi ólíkt meginlegum rannsóknum, sem oftast eru gerðar á rannsóknarstofu þar sem aðstæðum er stjórnað og hagrætt. Í eigindlegum rannsóknum er mismunandi tilgangur tengdur við sérstakar spurningar, aðferðir við söfnun gagna og greiningu. Styrkleikar eigindlegra aðferða liggja í að þær gera rannsakendum kleift að öðlast djúpstæðari skilning á lífi fólks og aðstæðum. Túlkun hvers og eins á eigið líf fær að njóta sín¹⁹.

Spurningarnar sem lagt var upp með í grunnin eru.

Hvernig upplifir þú bekkjarfélaga þína og vini?

Hvað finnst þér um bekkinn þinn og krakkana sem eru í honum?

Hvað heldurðu að þeim finnist um þig?

Hver væri óskastaða þín í félagahópnum?

¹⁹ McMilan (2004).

Hugmyndum um stöðu stúlkunnar var velt upp út frá því sem fram kemur í viðtölunum og skoðað í ljósi áður nefndra kenninga, hvort og hvar hún þroskast á venjulegum hraða og hvar ekki virðist ganga nógu vel.

3.8 Kynning á viðmælenda

Fram að síðasta hausti var Jóna bara „venjulegur“ nemandi í almennum grunnskóla, hún þurfti að hafa svolítið meira fyrir bóklega náminu en hinir, en hefur samt fylgt bekkjarfélögum sínum í framförum námslega.

Á fyrstu skólaárum gekk Jónu ágætlega félagslega, í skólanum, hún átti vini og leið vel. Þegar nær dró unglingsárunum fór að halla undan fæti og hún fór að detta úr sambandi við aðra nemendur skólans, virtist finna sig illa og oft leit út fyrir að hún veldi það sjálf að vera ein. Hún fór að kvíða því að fara í skólann og upplifði depurð og tilgangssleysi. Áhugamál hennar voru ekki í takt við það sem var hjá jafnöldrunum, og sífellt varð erfiðara fyrir hana að finna sér farveg í hópnum. Hún sækist eftir félagsskap krakkanna í skólanum og fær að vera með, en samskipti eru í lágmarki og oft „er hún bara þarna“. Áberandi er að eftir því sem hún eldist verður alltaf erfiðara fyrir hana að lesa í félagslegar aðstæður.

Jóna greindist með grun um röskun á einhverfurófi í haust, og hefur það líklega truflað hana alla tíð. Einhverfa er röskun á taugaproska, eitthvað fer úrskeiðis í þroska heilans. Sennilega hefst sú atburðarás á fósturstigi, en getur haldið áfram eftir fæðingu. Þessi röskun veldur ákveðnum einkennum í hegðun, sem birtist á ýmsan hátt, en því fyrr sem einhverfa greinist því alvarlegri er hún.²⁰

Ýmsar raskanir eru á einhverfurófi t.d. ódæmigerð einhverfa og Aspergerheilkenni, en allt tilheyrir þetta flokki sem heitir Gagntækar þroskaraskanir.

Til að greina einhverfu eru notuð ýmis þroskaþróf, viðtöl við foreldra ásamt beinum athugunum á hegðun einstaklingsins. Engir tveir einstaklingar eru nákvæmlega eins, birtingarmynd einhverfunnar er mjög misjöfn og skerðing mismikil. En allir einstaklingar með einhverfu eiga ákveðna þætti

²⁰ Evald Sæmundsen. (2003).

sameiginlega og ber þar hæst erfiðleika með margvísleg félagsleg samskipti. Sameiginleg einkenni birtast oftast á þremur sviðum.

Félagsleg samskipti reynast einhverfum einstaklingum erfið, sem oft birtist í hversu erfitt þeir eiga með er að halda augnsambandi. Þeir horfa ekki í augu þeirra sem þeir eiga samskipti við en oft er það fyrsta einkennið sem tekið er eftir. Eins mynda þeir stundum lítil sem engin tengsl við jafnaldra og aðra²¹.

Mál og tjáning einhverfra þroskast ekki eins og hjá öðrum. Margir læra aldrei að tala þó að heyrnin og færnin eigi að vera til staðar. Þeir sem læra að tala eiga oft erfitt með að halda uppi samræðum, nota málið oft á undarlegan hátt, endurtaka mikið sömu setningarnar og eiga það til að tala um sjálfa sig í þriðju persónu²².

Leikur barna á einhverfurófi verður oft einhæfur. Áráttukennd hegðun er öllum þessum börnum sameiginleg. Þessar áráttur geta átt sér ýmsar birtingarmyndir eins og síendurteknar hreyfingar t.d. rugg fram og til baka. Þau eiga stundum mjög sérstök áhugamál, oftast á mjög þröngu sviði, eins og brennandi áhugi á tímatöflu strætisvagna. Athafnir geta verið í óvenjulega föstu kerfi og brot á því veldur oft uppnámi barnsins. Einhæf notkun hluta og óvenjulegur áhugi á skynáreitum er einn þátturinn sem oft kemur fram²³.

Upplifun einstaklingsins er oft ólík því sem við eigum að venjast og ekki í takt við það sem er hjá öðrum í samfélaginu. Þeir skilja illa þessi gagnvirku félagslegu samskipti og eiga erfitt með að yfirfæra reynslu af einu yfir á annað. Sem dæmi getur foreldri þurft að kenna 14 ára unglingnum sínum til hvers maður fer í samkvæmi og alveg markvisst hvernig maður hagar sér þar. Allt gengur þetta upp þegar búíð er að læra það, ef ekkert óvænt kemur uppá. Ef aftur eitthvað óvænt gerist fer allt úrskaiðis og einstaklingurinn veit ekkert hvernig hann á að bregðast við. Honum er nánast ómögulegt að lesa í umhverfi sitt eins og flest okkar gera og því veit hann ekki hvernig á að bregðast við óvæntum aðstæðum²⁴.

Á unglingastigi eru þessir einstaklingar oft bókstaflegir, allt sem sagt er við þá er tekið mjög bókstaflega og þeir hafa oft lítinn húnor. Þeir skilja illa

²¹ Umsjónarfélag Einhverfra (2007).

²² Umsjónarfélag Einhverfra (2007).

²³ Evald Sæmundsen. (2003).

²⁴ Barker (2008).

tvíræðar setningar og túlkun þeirra er oftast mjög ólík því sem gerist hjá öðrum börnum.

Um 70% barna, á einhverfurófi eru einnig greindarskert en í mismiklum mæli²⁵.

Þegar þetta yfirlit er lesið má sjá að á unglingsárum er líklegt að þessi börn komi til með að eiga í miklum erfiðleikum félagslega. Unglingar eru töluvert fyrir tvíræðni og nota málið mikið í félagslegu samhengi. Einhverf börn lenda gjarnan í að misstilja það sem sagt er og túlka rangt það sem er í gangi hverju sinni, þau eru oftast svo bókstafleg. Einnig er algengt að þau hengi sig í smáatriði og geti ekki greint á milli þess sem er aðalatriðið og þess sem skiptir minna máli. Hamlar þetta þeim verulega þegar á unglingsaldur er komið.

Unglingur á einhverfurófi lendir oft í vandræðum með að túlka það sem er í gangi í félagahópnum, hvað þýða öll þessi óskiljanlegu orð sem eru notuð í ótal merkingum? Af hverju segja félagarnir eitt en meina eitthvað allt annað, allt þetta er einhverfum einstakling erfitt að skilja.

²⁵ Umsjónarfélag Einhverfra (2007).

4. Viðtölin.

Hér á eftir kemur úrdráttur úr viðtölunum sem tekin voru. Á því rúmlega þriggja vikna tímabili sem viðtölin voru tekin, höfðu ákveðnir hlutir breyst í lífi Jónu. Endurspeglar það kannski hvað margt gerist í lífi unglings á stuttum tíma, vika til eða frá skiptir máli.

4.1. Jóna

Í viðtalinu við Jónu kemur berlega í ljós að hún upplifir sig öðruvísi en hina unglingana, henni finnst hún eiga fáa vini og ekki passa inn í hópinn. Hún segir „*það eru fáir eins og ég, það er svo flókið að vera ég, krakkar skilja ekki húmorinn minn, en fullorðnir skilur mig samt betur*“. Hún telur að ástæðan fyrir afskiptaleysi bekkjarfélaganna sé að þeir upplifi sig sem ljóta og því vilji þeir ekki vera með henni eins og áður. Kennir hún gleraugunum sínum um, en þau er hún nýlega búin að fá og hefur áráttu fyrir að ýta þeim hátt upp á nefið og fær oft sár eftir þau. „*ef ég væri sæt vildu þau alveg vera með mér*“.

Jóna upplifir að bekkjarfélögunum finnst hún skrýtin en hún telur alveg útilokað fyrir sig að reyna að breyta sjálfri sér til að falla betur inn í hópinn. Hún segir: „*ég hef oft reynt það, en það dugir bara einn mesta lagi tvo daga, svo verð ég aftur ég*“.

Hennar upplifun er að áður fyrr hafi henni gengið betur í hópnum, það var fyrir tíð gleraugnanna. Þá fannst bekkjarfélögunum hún bæði sæt og skemmtileg og vildu vera með henni og stelpurnar vildu líka leika sér að Barbie, en það er aðaláhugamálið hennar ennþá. Nú skilur hún ekki af hverju stelpurnar eru með „gelgju“ en það finnst henni leiðinlegt og skilur ekki hvað þær eru að meina með öllum þessum skrækjum og látum, segja eitt og gera annað. Jóna er viss um að krökkunum sé ekkert illa við sig, þeir bara skilji sig ekki, hún fær að hanga utan í en finnur ekki leið til að nálgast þá.

Hún er viss um að einn daginn hitti hún manneskju „*sem skilur hvernig er að vera ég*“ og getur orðið vinur hennar. Jóna á systur sem er með ADHD greiningu og býr ekki heima hjá þeim að staðaldri, þessi systir er í miklu uppáhaldi. Hún er kát, rösk og gefur heimilinu líf, Jóna upplifir að hún sé í raun eina manneskjan sem skilur hvernig er að vera hún. Hún segir um systurina „*..... er eini unglingurinn sem skilur brandarana mína og hlær að*

þeim“. Henni finnst verst að hún skuli ekki vera heima að staðaldri, heldur aðallega um helgar.

Jóna á 16 ára systur sem einnig er á einhverfurófinu, og ganga samskipti þeirra ekki vel, Jóna telur hana afar skrýtna, ekkert sé hægt að botna í henni, og hún vilji alls ekki vera með sér.

Jónu finnst erfitt að skilja hvenær er komið að henni að tala í samræðum, einkum er þetta flókið í hóp þar sem margir tala. Hún segist tala ofan í aðra því stundum viti hún ekki hvenær er komið að henni að tala, en þá segja félagarnir henni að hætta því þessi eða hinn sé að tala. Í huga Jónu er þetta flókið.

Auk Barbieleikja eru tölvuleikir hennar uppáhald, hún vill helst vera í SIMS tölvuleik þar sem hún er ein og enginn að trufla hana. Stundum talar hún við krakkana á msn en hún hefur bara alltaf svo lítið að segja eða hún er í tölvuleik og má ekki vera að því að svara, svo eru félagarnir hættir í tölvu þegar hún má vera að því að spjalla.

Jóna upplifir sig sérstaka þegar kemur að áhugamálunum. Henni finnst óskiljanlegt af hverju þarf að hætta að leika sér að dóti þó maður verði fullorðinn. Hún segir: „þó maður sé unglíngur þarf maður ekki að hætta að leika sér“.

Hún vonaðist til að einn daginn færu krakkarnir að skilja hana og vildu aftur vera með henni. Þau hefðu svipuð áhugamál og að hún fengi að vera með þeim, byðu henni í heimsókn og gerðu eitthvað skemmtilegt saman.

Jóna hefur liðveislu einu sinni í viku, er hún þá með rúmlega tvítugri stúlku. Er þessi stúlka með Tourette heilkennið, og finnst Jónu það bara fínt. „hún er fín, skemmtileg og skilur hvernig er að vera öðruvísi, ég vandist strax kækjunum og hljóðunum“.

4.2 Kennarinn

Þessi kennari hefur kennt Jónu síðastliðin þrjú ár og hefur því haft tækifæri til að fylgjast með hvernig hún hefur vaxið og dafnað undanfarin ár. Hann hefur séð margt breytast í lífi hennar, jafnt og þétt hefur hún einangrast í bekkjarfélagahópnum. Smám saman hefur dregið úr því að krakkarnir vilji vera með henni, þegar dótaleik lauk fór að halla undan fæti. Eftir því sem samskiptin fóru að þróast í að vera huglæg og á munnlegu nótunum, snéru

meira að útliti, samtölum um það sem var í gangi í hópnum hverju sinni og annað af þeim toga fór Jóna að dragast áberandi aftur úr.

Kennarinn upplifði að hún hefði staðnað í þroska, virtist alls ekki vera á sama stað og hinir og fylgdist illa með því sem gerðist í kring um hana. Hann segir Jónu lítið þekkja til merkisatburða, sem jafnaldrar hennar þekkja og vita hvað er. Sem dæmi má nefna árásina á tvíburaturnana, hún vissi ekki um hvað var verið að tala þegar það var til umræðu í skólanum en allir hinir í bekknum þekktu söguna. Allt þetta spillir fyrir þegar félagstengsl eigi í hlut. Jóna er oft eins og álfur út úr hól og veit ekkert um hvað málið snýst.

Kennarinn segir að Jóna vilji eingöngu vera á sínum forsendum, ekki annarra, ef hlutirnir gangi ekki eftir hennar höfði sé hún hreinlega ekki með. Samskiptavandamál eru oft í gangi, Jóna skilur ekki hvað félagahópurinn er að meina og þau skilja ekki hvað hún er að meina. Kennarinn er meðvitaður um sérstöðu Jónu og hefur alveg skilning á af hverju henni gengur ekki betur í hópnum, „þegar samskipti eru einhliða getur þetta ekki gengið til lengdar“ eru orð kennarans.

Kennarinn telur að Jóna hafa samkennd upp að ákveðnu marki. Samkenndin sýnir sig ef hún sér að einhver hefur meitt sig, þ.a.s. ef þetta er áþreifanlegt, en ef þarf að sýna huglæga samkennd lendir hún í vandræðum. Jóna á erfitt með að horfa á sjónarhorn þriðja aðila, t.d. veit hún að það á ekki að vera vondur við aðra og gætir þess vel að aðrir fari eftir þessu en hún sér sjálfa sig ekki í sama ljósi.

Íþróttatímar reynast Jónu erfiðir. Hún á erfitt með að virða leikreglur, t.d. ef hún er skotin úr í skotbolta viðurkennir hún það ekki heldur hengir sig í frasa eins og „*hann kom eiginlega ekki við mig*“. Veldur þetta deilum og ergelsi í hópnum.

Í vetur var verið að tala um „sérstaka“ nemendur í lífsleiknitíma, þegar Jóna var ekki viðlátin. Bekkjarfélagar hennar nefndu hana strax sem sérstakan nemenda og umsögn þeirra um hana var: „*hún er mjög sérstök, er langt á eftir okkur í áhugamálum og þroska, hún talar endalaust um það sem við höfum ekki áhuga á lengur, og hún hefur svo skrýtinn húmor, það sem okkur finnst ekkert fyndið hlær hún að*“. Þeim finnst hún ekki virða nálægð, fara of nálægt viðmælendum þegar verið er að tala saman og kunna illa að halda uppi

samræðum. Þeim finnst hún ryðjast inn í þær og halda uppi einræðu um alveg óskyld málefni.

Frá því að viðtalið við Jónu var tekið og þar til talað var við kennarann, bættist nýr nemandi í bekkinn. Er þetta frænka Jónu sem er henni mjög velviljuð, vinsæl stelpa sem vill að Jóna fái sína athygli í félagahópnum og vill að hún sé með þeim í því sem hópurinn er að gera hverju sinni.

Kennarinn segir að koma frænkunnar í bekkinn hafi breytt miklu fyrir Jónu. Það hefur glaðnað yfir henni og krakkarnir umbera hana betur. Frænkan hefur mikinn persónuleika og er hvers mans hugljúfi, á auðvelt með samskipti við aðra og skilur ekki af hverju ekki er hægt að hjálpa Jónu í að skilja félagana. Hún vill hafa hana með, sækir hana og býður hana velkomna í hópinn. Þetta er ný upplifun fyrir Jónu og hún hefur mikið gert til að virka fullorðinslegri en áður.

4.3 Móðirin.

Móðirin segir, eins og kennarinn, að í samskiptum þurfi allt að vera á forsendum Jónu, hún sé ekki með nema það sé eins og hún vill. Hún er stjórnsöm og vill ráða og ef það fæst ekki í gegn fer hún í fýlu eins og krakki. Þráhyggjan truflar hana mikið, hún fær maníu fyrir einhverju og þá vill hún bara hanga í því. Núna eru það draugasögur og þá er ekki um annað talað, það verður alveg hennar heimur. Hún er erfið við yngri krakka, vill ráða yfir þeim og eiginlega neyðir þá til að leika við sig. Móðir hennar segist skilja hana illa og oft hreinlega ekki ná til hennar. Hún er því ekki hissa á að hún eigi erfitt uppdráttar í félagahópnum, „það getur enginn verið með þeim sem aldrei getur látið undan“. Segir aldrei hægt að hafa bara einhliða samskipti, allir verði að gefa eitthvað af sér.

Eftir því sem Jóna hefur elst hefur móðir hennar upplifað aukna félagslega einangrun. Bekkjarfélagar hennar eru hættir að umgangast hana, nema bara í skólanum, henni er ekki lengur boðið í afmæli og enginn vill koma í afmæli til hennar. Finnst móðurinni bilið endalaust breikka milli hennar og bekkjarfélaganna, telur að áhugamálin séu svo ólík og Jóna sé orðin á eftir þeim í þroska. Hún vill ekki færa sig upp á unglings tímabilið og ætlar alltaf að

vera barn. Henni finnst níu ára systir Jónu oft vera orðin fullorðinslegri en Jóna sjálf.

Nýleg koma frænku hennar í skólann hefur breytt ýmsu í veröld Jónu. Þarna kom stúlka sem vildi vera með henni, hjálpa henni til að eiga vini og vera hluti af hóp. Hefur þetta hjálpa Jónu mjög mikið undanfarið og augljósar breytingar hafa átt sér stað síðan. Hún er farin að hafa meiri áhuga fyrir að klæða sig eins og stelpurnar eru klæddar og er aðeins að stíga fyrstu skrefin í að snyrta sig. Hún leikur sér enn að Barbie en „*Jóna sagðist vera að hugsa um að hætta því þegar hún fermdist í sumar*“. Er þessi hugsun sennilega tilkomin vegna umræðu sem var hjá nágrannakonunni þeirra. Hún var að ræða við Jónu um að þegar kæmi að fermingu væri það ákveðin vendipunktur í lífinu og samkvæmt gömlum gildum teldist hún vera komin í fullorðinna manna tölu.

Jóna er snilldarteiknari, til er náttúrufræðipróf þar sem hún svaraði spurningunum með því að teikna svörin í stað þess að skrifa þau.

Hún er að byrja að hafa áhuga fyrir hinu kyninu, strákar eru mjög spennandi í hennar augum. Hún vill eignast kærasta og er alveg viss um að Jón samnemandi hennar henti henni, en hann er líka sérstakur eins og hún. Tveir sérstakir saman hljóti að vera fullkomið par og það eina rétta.

Móðurinni finnst stúlkan mjög sjálflæg, Jóna hafi alltaf rétt fyrir sér og hlusti sjaldan á það sem aðrir hafa fram að færa, nema það sé eitthvað sem henti henni í það skiptið. Ef hún segi að blátt sé svart er það svart alveg sama hvað aðrir segja. Hún á erfitt með að sjá hlutina frá fleiri en einni hlið, telur sína hlið ávalt þá bestu. Jóna er oft mjög bókstafleg, hún hengir sig í orðin og nákvæma þýðingu þeirra, eða tekur jafnvel eitt orð úr setningu og þá verður það orð aðalhluti þess sem sagt var. Hún hefur mjög ákveðnar skoðanir á öllum hlutum og lætur þær óspart í ljós. Oft á hún erfitt með að meta aðstæður, hvenær þessar skoðanir eru viðeigandi og hvenær ekki.

Á þessum viðtölum má greina misjafnar upplifanir einstaklinganna, stúlkunni og móðurinni ber ekki nærri alltaf saman, en kennaranum og móðurinni bera aftur á móti oft saman. Spurningin er hvernig er stúlkan að þroskast í raun og hvað veldur þessari misjafnlegu sýn?

5. Niðurstöður

Hér á eftir skoða ég stúlkuna í ljósi þess að vera unglingur, hvernig hún þroskast og upplifir sig sem ungling og hvernig það kemur heim og saman við það sem áður er fjallað um í þroskakeningum og þroskamynstri.

Í ljósi kenninga Elkind's um persónuþroska verður unglingurinn mjög upptekinn af sjálfum sér á ákveðnu skeiði. Hann er viss um að hann sé nafli alheimsins og að allir séu jafn uppteknir af honum og hann sjálfur. Ytra útlit skiptir miklu máli og honum finnst eins og hann sé alltaf að fara að stíga á svið þar sem athygli allra beinist að honum²⁶. Jóna er að mörgu leyti komin á þennan stað, hún er viss um að það sé ytra útlit hennar sem sé svo fráhrindandi og þess vegna gangi henni ekki sem skyldi í félagahópnum. Hún er viss um að það sé einstakt að vera hún og að það sé mun erfiðara heldur en allir aðrir hafi lent í og í raun séu engir sem skilji það vandamál hennar að vera unglingur.

Þetta er líka hægt að skoða í ljósi kenninga Lapsley þar sem hann leggur út frá tilfinningalegum þáttum unglinganna. Þeir eru að kljúfa sig frá foreldrum og vilja taka ákvarðanir um eigið líf. Hann heldur því fram að þeir séu að byggja sér varnarvegg og festist því í sjálflægninni²⁷. Fram kemur að Jóna upplifir að foreldrar hennar skilji hana bara alls ekki, hún sé misskilin og er ekki ólíklegt að það valdi henni kvíða.

Samkvæmt því sem Selman heldur fram hefur unglingurinn náð þeirri færni að geta verið meðvitaður um hvaða áhrif hann sjálfur hefur á annað fólk og hvaða áhrif annað fólk hefur á hann²⁸. Bæði þessi atriði lýsa sjálflægninni að einhverjum hluta.

Þetta er orðið nokkuð ljóst hjá Jónu, hún skilur orðið hvaða áhrif hún hefur á aðra, t.d. segir hún: „ég er svo sérstök að það taka allir eftir mér“ og hún upplifir að krakkarnir eigi þess vegna erfitt með að skilja hana. Einnig segir hún: „einn daginn á ég eftir að hitta einhvern sem skilur hvernig er að vera ég“ þetta vísar til að hún sé markvisst farin að leita eftir hóp sem hentar henni og kemur það saman við klíku- og hópamyndanir sem verða hjá krökkum á þessum aldri.

²⁶ Turner og Helms (1995).

²⁷ Turner og Helms (1995).

²⁸ Turner og Helms (1995).

Þriðja atriðið sem Selman fjallar um í sambandi við sjálflægnina er þegar unglingurinn þarf að skilja sjónarhorn þriðja aðila í málinu, hvaða hlið utanaðkomandi aðili sér á umræddu máli. Þetta vill vefjast fyrir unglingnum, hann getur einungis séð eigið sjónarhorni og festist þá í sjálflægninni²⁹.

Þarna er athyglisverður punktur, Jóna getur ekki séð málið frá sjónarhorni þriðja aðila, það kemur berlega í ljós bæði hjá kennara og móður. Til marks um þetta er þegar hún segir „*ég segi alltaf satt*“, en spurningin er hvort truflar hana meira, unglingurinn og upplifanir hans eða einhverfuröskunin sem hún er að kljást við. Þarna eru ekki nein skýr mörk, einkenni einhverfu er m.a. þau að eiga erfitt með að setja sig í spor annarra og eins er það erfitt fyrir unglinginn. Sýnir þetta okkur hversu hárfín mörkin eru og hve erfitt getur verið að sjá þau skýrt, jafnframt segir það til um mikilvægi þess að horfa á heildina.

Sjálfsmynd unglunga þroskast að hluta til með því að þeir bera sig saman við aðra í kring um sig, hvernig þeir eru í samanburði við vinina. Þar sem Jóna á ekki marga vini er líklegt að hún skoði sig í samanburði við bekkjarfélagana, hvernig þeir eru og hvernig hún er³⁰. Þegar Jóna var spurð hvernig unglingur hún væri kom bersýnilega í ljós hvað umhverfinu finnst um hana, hún upplifði sig mjög sérstaka. Á viðtölunum mátti greina samræmi milli móður, kennara og þess sem kennarinn sagði samnemendur hennar upplifa. „*Hún er sérstök, hún er öðruvísi en við, erfitt að skilja hana*“, eru þetta beinar tilvitnanir í það sem móðir, kennari og skólafélagar segja um hana.

Jóna upplifir sjálfa sig einmitt svona, „*ég er öðruvísi, fáir skilja mig, ég hugsa ekki eins og hinir*“. Hún tileinkar sér upplifanir umhverfisins af sjálfri sér og álitur að hún hljóti að skera sig mikið úr, hún hefur ekki fundið hóp sem líkist henni og því á hún erfitt með að finna sig sem hluti af heild.

Móðir Jónu talaði um að hún væri bókstafleg í skilningi sínum á því sem sagt væri, hún vilji hengja sig í orð og túlkun þeirra og ætti erfitt með að túlka huglæga hluti. Má alveg álíta að þetta sé hluti af birtingarmynd einhverfunnar sem hún er að kljást við.

Samkvæmt lýsingum á félagslegum erfiðleikum einhverfra er nefnt að málþroski og málskilningur sé ekki eins og hjá öðrum, þeir eigi erfitt með að yfirfæra eina reynslu yfir á aðra og eigi til að nota málið á annan hátt en

²⁹ Turner og Helms (1995).

³⁰ Barker (2004).

aðrir³¹. Hjá Jónu birtist þetta t.d. í hversu erfitt henni finnst að vita hvenær hún á að tala í hóp og hvenær ekki. Hún segir „þegar krakkarnir eru að tala saman, langar mig geðveikt til að segja eitthvað, en veit aldrei hvenær ég má komast að“

Havigurst talar um þróunarverkefni unglingsáranna, fyrstu tvö þeirra eru að öðlast ný og þroskaðri sambönd við eigin aldurshópa af báðum kynjum og öðlast kynhlutverk³². Jóna er farin að kljást við þau bæði að nokkru leyti, hún er farin að leitast við að finna sér vini við hæfi, einhverja sem skilja hana og viðurkenna hana eins og hún er. Hún hefur greinilega minni tækifæri en margir aðrir til að mynda sambönd við jafnaldra, bæði er hún vínafá og hefur litla félagslega læsi sem hindrar hana í samskiptum. Móðir Jónu sagði hana hafa mikinn áhuga fyrir hinu kyninu, strákar væru orðnir mjög spennandi, það sýnir okkur að hún er farin að upplifa sig sem kynveru að einhverju leyti. Orðin sem móðirin hafði eftir Jónu um að tveir sérstakir saman mynda hið fullkomna par, segja að stúlkan er farin að gera sér vonir um áhuga frá hinu kyninu og sé að læra að öðlast kynhlutverk.

Þriðja þróunarverkefni Havighurst er að sættast við líkamsbyggingu sína og nýta líkama sinn árangursríkt. Þegar talað var við Jónu var ekki auðvelt að sjá hvort hún væri farin að kljást við þennan þátt, en þegar rætt var við móður nokkru síðar mátti greina að hún væri farin að hugsa öðruvísi en áður. Áður vildi hún bara vera í íþróttafötum og öðru sem var vítt og þægilegt, en núna er hún farin að fikra sig áfram í klæðnaði. Stelpuleg föt eiga orðið upp á pallborðið og hún er farin að reyna að líta betur út en hún gerði, hún fiktar við að mála sig eins og jafnaldrarnir eru að gera og horfir meira á útlitið.

Þegar horft er yfir sögu Jónu má sjá að hún er farin að kljást við margt sem unglingar á hennar aldri ganga í gegnum, bæði hvað varðar persónuþroska og félagsþroska. En þess ber að gæta að oft eru mörkin óljós milli þess hvað telst til eðlilegs þroska og hvað til fráviks í þroska.

³¹ Umsjónarfélag Einhverfra (2007).

³² Turner og Helms (1995).

6. Umræða

Markmiðið með gerð þessarar ritgerðar var að skoða hvernig þroskafrávik geta haft áhrif á félagslegan þroska unglinga. Ekki síður að horfa eftir hvort þroskafrávik sem slíkt sé að skyggja á sýn umhverfisins á hversu langt viðkomandi er komin í þroskaferlinu ásamt lönguninni til að fá hugmynd um hvernig unglingi líður sem ekki passar inn í umhverfi sitt. Sjá hvað nánum samferðamönnum finnst um hann, hvort margt skilur að eða hvort allir hafi sömu hugmyndirnar.

Ég komst að því hversu mikilvægt er að vera vel vakandi yfir öllu þroskamynstri einstaklingsins og ekki láta frávik í hegðun trufla sig í mati á því. Þegar Jóna var skoðuð í ljósi þroskakenninga og þess sem telst eðlilegt í þroska, var hún farin að glíma við margt sem unglingar eru að glíma við almennt. Oft virtust viðmælendur mínir lítið meðvitaðir um hvar hún væri raunverulega stödd þroskalega, Jóna virkaði barnaleg og virtist ályktað að allur hennar þroski væri mun seinni en raun bar vitni.

Einnig kom í ljós mikilvægi þess fyrir ungling að hafa félagahóp sem hann passar inn í. Jóna var töluvert óörugg með sjálfa sig, upplifði sig öðruvísi en aðra og hvergi passa. Hún vonaði heitt og innilega að á einhverjum tímapunkti fengi hún að kynna hóp sem skildi hvernig væri að vera hún og hún myndi passa inn í. Upplifun hennar á sjálfri sér endurspeglar töluvert álit annarra á henni, sem staðfestir kenningar um áhrif umhverfis á unglinginn og mikilvægi þess að hann alist upp í jákvæðum og þroskavænlegum aðstæðum.

Unglingarnir, sem voru með Jónu í bekk, fannst hún langt á eftir sér í þroska og skildu ekki áhugamál hennar. Þeir höfðu ákveðið umburðarlyndi gagnvart henni, sem sást í því að hún var ekki rekin úr hópnum. Hún fékk að hanga með en enginn skipti sér af henni að fyrra bragði nema hún sýndi óæskilega hegðun, þá var henni umsvifalaust sagt til eða stunið og dæst. Jóna var í raun mjög afskipt án þess að aðrir væru markvisst vondir við hana. Sýnir þetta töluverða sjálflægni, sem einkennir einmitt unglingsárin, allir sjá bara sína hlið og ef ekki er farið að leikreglum er svigrúm lítið á báða bóga.

Mér finnst líklegt að í dæmi Jónu hafi ýkt og skrýtin hegðun skyggt á þroskamynstrið. Upplifunin af félagslegu ólæsi og vinnufátækt hefur sennilega dregið athyglina frá því hvað er í raun og veru að gerast í lífi hennar. Hún er

ekki „eins“ og hinir, upplifir hluti öðruvísi að mörgu leyti, en samt eru hugmyndir hennar um lífið og tilveruna ansi keimlíkar því sem er hjá hinum „venjulega“ unglingi.

Ekki hafði einhverfuröskun Jónu verið kynnt fyrir bekkjarfélögum hennar. Þroskaþjálfari hafði verið fenginn í bekkinn til að fjalla almennt um einhverfu og þótti unglingunum þetta merkilegt en tengdu þetta ekki beint við Jónu og einhverfuna hennar, þrátt fyrir töluverðar vangaveltur innan bekkjarins um hvort einhver væri með einhverfu í skólanum. Bekkjarfélagarnir voru samt vissir um að ef þeir þekktu einhvern með einhverfu myndi þetta hjálpa þeim að skilja hann. Því væri athyglisvert að sjá hvort það myndi breyta einhverju fyrir Jónu ef einhverfan væri gerð opinber.

Kennarinn og móðirin höfðu mjög svipaða upplifun af Jónu, höfðu skilning á af hverju hún var ekki með í hópnum, en bæði virtist skorta ráð til að efla hana innan hans. Eins fannst þeim báðum erfitt að umgangast hana, sögðust ekki skilja hana og kemur það heim og saman við það sem Jóna segir um að enginn skilji sig. Þess bera að gæta að oft er það upplifun foreldra og kennara að þeir skilji ekkert í unglingunum, finnst þeir vera öðruvísi, sjálflægir og hafa undarlegar hugmyndir um heiminn. Því er í sjálfu sér ekkert nýtt að kennari og foreldri botni lítið í unglingnum.

Skólinn hefur verið að vinna í félagslegum aðstæðum Jónu. Markvisst hefur verið reynt að kenna henni samskipti við aðra og að læra að lesa í umhverfi sitt og taka tillit til annarra. Líklega hefur það skilað sér þegar aðstæður hennar breyttust og einhver vildi vera vinur hennar, að félagsmótun hafi hjálpað Jónu við að reyna að uppfylla þær kröfur sem samfélagið gerir til hennar sem unglings.

Ég hefði viljað sá að markvissara hefði verið unnið með hópinn og Jónu saman. Skólinn virðist hafa lagt mesta áherslu á að gera hana færari í að takast á við hópinn eins og hann er, en ekki hópinn til að takast á við Jónu. Gæti ég trúað að þetta eigi við í fleiri tilfellum, að félagsmótunin sé oft bara á annan veginn.

Sjá má á þessu að margs ber að gæta þegar unglingar með þroskafrávik eiga í hlut, hárfín lína er oft milli þess sem er „eðlilegt“ og þess sem telst „frákvik“, og er staðsetning þessarar línu oft umdeild. Enginn fer þó í grafgötur með mikilvægi þess að vera vakandi fyrir raunverulegum þroska, hann er oft

lengra komin en sést í fljótu bragði ásamt því að þroskaskrefin geta verið óljósari vegna öðruvísi hegðunar unglingsins eða upplifunar hans af samfélaginu.

Það má velta fyrir sér hvort Jónu gengi betur ef bekkjarfélagar hennar vissu hvað hún væri að kljást við, myndu þeir sýna henni meiri skilning og leiðbeina henni betur? Það væri verðugt verkefni að skoða hvort unglingar með þroskafrávik, sem væru lýðnum ljós, ættu auðveldara uppdráttar en hinir sem ekki er sagt frá hvað að er. Einnig væri áhugavert að gera alvöru rannsókn sem er sambærileg við þessa athugun, og rýna þá í hvort það er algengt að félags- og persónuþroski sé kominn lengra en umhverfið áttar sig á.

Lokaorð.

Eftir gerð þessarar ritgerðar sé ég enn betur hversu mikilvægt er að vera vakandi yfir öllu sem viðkemur unglíngunum og þroskaþrepunum sem þeir eru að kljást við. Unglingur með frávík er fyrst og fremst unglíngur og ber að umgangast hann sem slíkan. Þessi frávík eru ekki endilega þess valdandi að unglíngurinn hafi ekki töluverðan og sennilega oft svipaðan persónu- og félagsþroska og jafnaðrar. Birtingarmynd þroskans getur hæglega þrenglast þar sem áhugamál eru oft önnur og þessir unglíngar virðast passa illa inn í hópinn. Oft er sagt: „bilið hefur breikkað svo mikið“. En er það raunin? Þessari spurningu er ekki auðvelt að svara og oft er línan milli þess sem er „venjulegt“ og „óvenjulegt“ óljós.

Mikilvægi hópsins, félaganna og umhverfisins er greinilegt og ætti það að vekja fólk til umhugsunar um hvernig hægt er að gera aðstæður heppilegri fyrir alla. Eins er vert að vega og meta í hverju tilfalli fyrir sig, hversu mikið á að upplýsa samferðamenn unglíngsins um röskun hans. Félagsmótun unglíngs er mikilvæg, að vinna með unglínginn með frávíkið er nauðsynlegt. Ekki er síður nauðsynlegt að vinna markvisst með hópinn allan, bekkjartélag og aðra sem unglíngurinn umgengst, vinna að því að allir læri að umgangast alla og bera virðingu fyrir hverjum og einum eins og hann er. Nýta þarf hópinn og efla hann sem eina heild, of mikið finnst mér bera á að unnið sé með einstakling en ekki hópinn í heild.

Eins ber að gæta að ekkert er algilt í þessum efnum, heldur mörg sjónarhorn sem verður að takast á við. Greinilegt er þó að félagar eru mikilvægir og umburðarlyndi þeirra mikilvægt. Að eignast vini og getað skoðað sjálfan sig í samhengi við þá er nauðsynlegt fyrir þroska hvers unglíngs, hvort sem hann hefur frávík í þroska eða ekki.

Gaman væri að sjá stóra rannsókn þar sem þessi mál eru skoðuð í víðara samhengi og með breiðari viðmælendahóp.

Heimildaskrá.

Aðalnámskrá Grunnskóla. (2006). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið

Barker, P. (2004). *Basic Child Psychiatry.* Iowa USA: Cedar Rapids.

Elkind, D. (2009). In Wikipedia, The Free Encyclopedia. Sótt 10. Apríl 2009, af
http://en.wikipedia.org/w/index.php?title=David_Elkind&oldid=271609191

Evald Sæmundsen. (22. ágúst 2003). *Einhverfa og skyldar raskanir.* Sótt 5. febrúar 2009 frá Greiningar- og Ráðgjafarstöð Ríkisins:
http://www.greining.is/greiningarstod.nsf/pages/umf_einhverfa.html

Félagsmálaráðuneytið. (2006). *Mótum framtíð - þjónusta við fötluð börn og fullorðna 2007-2016.* Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið

Harvard. (2009). Sótt 14. febrúar 2009 frá Robert L. Selman:
http://www.gse.harvard.edu/faculty_research/profiles/profile.shtml?vperson_id=328

Lög um málefni fatlaðra. 59/1992

Manning: 2002. *Havighurst's developmental tasks, young adolescents and diversity.* Clearing House, 2 hefti, 76 árg.

María Jónsdóttir (2008). *Þroskahömlun Barna orsakir – eðli – íhlutun.* Ritstj. Bryndís Halldórsdóttir Jóna G. Ingólfssdóttir, Stefán J. Hreiðarson og Tryggvi Sigurðsson. Reykjavík: Háskólaútgáfan (2008).

McMillan, J.H. (2004). *Educational Research fundamentals for the consumer.* (5.útg.) Boston: Virginia Commonwealth University.

Notre Dame. (e.d.). Sótt 14. mars 2009 frá Daniel Lepsley:

<http://al.nd.edu/resources-for/faculty-and-staff/faculty-list/bio/dlapsle1/>

Salamanca yfirlýsingin og rammaáætlun um aðgerðir (1995).

Reykjavík:Menntamálaráðuneytið

Samningur sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 18/1992

Turner, J.S og Helms, D.B. (1995). *Lifespan Development*. Harcourt Brace
College Publishers: New York

Umsjónarfélag Einhverfra. (2007). Sótt 20. janúar 2009 frá Hvað er
einhverfa?:

[http://www.einhverfa.is/?id=2&expand=2&PHPSESSID=6487a1bce73
cc4a21854f00283d1c235](http://www.einhverfa.is/?id=2&expand=2&PHPSESSID=6487a1bce73cc4a21854f00283d1c235)